



ÚR UMSÖGNUM NÁMSMANNA



Ég hvet alla sem eiga þess kost að kynna sér hvað Landnemaskólinn býður upp á til að gera sér lífið auðveldara og skemmtilegra. - segir Aziza Ascour.

Áður en ég hóf námið í skólanum reyndi ég að læra íslensku með því að skoða bækur og lesa dagblöðin en það gekk ekki nógu vel. Sjálfstyrking og samskipti er stór þáttur í náminu og mjög mikilvægur.



Gott að hafa stuðning vinnustaðarins - segir Phitploe Nopalit

Eitt af því góða við námið er að við fáum stuðning vinnustaðarins til að sækja skólann. Ég er mjög ánægð með skólann og allir landnemarnir eru mjög skemmtilegir og áhugasamir um námið. Aðalmarkmiðið er að læra og tala íslensku en við lærum líka samfélagsfræði þar sem við fáum m.a. upplýsingar um réttindi og skyldur okkar í samfélaginu.



Ánægður að komast í landnemanámið - segir Milder David Cabanas

Ég var í iðnnámi en varð að gera hlé á náminu til að læra meira í íslensku en það er einmitt megintilgangur landnemanámsins. Öll kennsla fer fram á íslensku sem gerir það að verkum að við fáum mikla æfingu í að tala og skrifa málið.



Við lærðum fleira en íslensku - segir Karla Barralaga

Ég hafði líka gagn af því að læra um landið og fólk í landinu. Við heimsóttum Útlendingastofnun til að kynnst starfi þeirra. Við lærðum á tölvur og við kynntumst því hvernig maður kaupir sér íbúð. Svo kynntumst við að sjálfsgöðu fólki frá öðrum löndum.



LANDNEMASKÓLINN

- Landnemaskólinn er 120 kennslustunda nám.
- Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama þekkingu á íslensku samfélagi og atvinnulífi.
- Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli.
- Námið fer að miklu leyti fram með umræðum og verkefnavinnu þar sem námsmenn afla sér upplýsinga svo sem á Netinu, í fjölmiðlum og hjá stofnunum.
- Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi skólann til styttingar náms í framhaldsskóla til 10 eininga.

Námsþáttur	Kst
Íslenska	58
Samfélagsfræði	20
Tölvur	15
Færnimappa	15
Sjálfsstyrking og samskipti	10
Námsmat	2
Samtals	120

Námsskrá með nánari lýsingum er að finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is